

**Mál nr. 364/2018****M og  
váttryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar A****Ágreiningur um hvort ökumaður hafi orðið fyrir varanlegri örorku af völdum aftanákeysrslu.****Gögn.**

Málskot, móttakið 6.11.2018, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 12.11.2018, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Hinn 12. desember 2017 var bifreiðinni A ekið aftan á kyrrstæða bifreið sem M ók á gatnamótum Miklubrautar og Háaleitisbrautar í Reykjavík. Í sameiginlegri tjónstilkynningu ökumana er ekki getið um skemmdir á bifreiðunum né heldur er þess getið að einhver hafi slasast við áreksturinn.

M leitaði samdægurs á slysa- og bráðadeild Landspítalans. Í bráðamóttökuskrá frá spítalanum kemur fram að hún hafi verið slæm í vöðvum og með vöðvabólgu í herðum og geti þess vegna verið með vefjagigt. M kvaðst einungis hafa verið með einhverja liðagigt, en læknir taldi að hún gæti einnig verið með vöðvagigt, „því hún er orðin það slæm hreinlega víða um bak og háls og herðar. Þannig að það hlýtur eiginlega að vera eitthvað undirliggjandi þarna, sem er að blossa upp við þennan hnykk, sem hún fékk.“ Þá segir í móttökuskránni að M hafi verið aum aftan á mjöðmum „og leiðir frá mjöðmum og niður í átt niður lærleggi.

A var váttryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá V. Samkvæmt fyrirliggjandi tjónskvittunum mun M hafa fengið bætt úr ábyrgðartryggingunni tímabundið atvinnutjón tímabilið frá 12. desember 2017 til 14. febrúar 2018 auk útlagðs kostnaðar.

Í málinu liggur fyrir vottorð frá heimilislækni M, dags. 29. apríl 2018, þar sem gerð er grein fyrir sjúkrasögu M árin fyrir slysið. Í samantektarkafila vottorðsins kemur fram að M hafi eftir slysið greinst með tognun og ofáreynslu á háls hrygg, dreifða tognun og vöðvabólgu. Síðan þá hafi hún glímt við verki vinstra megin í líkama, helst kvartað um verki í hálsi, höfuðverk og verki í vinstri öxl sem hún finni alltaf fyrir og versni við allt álag. Samkvæmt yfirferð yfir sjúkrasögu M hafi hún glímt við mjóbaksverki af og til a.m.k. frá árinu 2000. Jafnframt sé fyrri saga um verki í vinstri öxl og skerta hreyfigetu, „impingement (2016)“. Í álitinu í lok vottorðsins segir að M hafi glímt við stoðkerfisverki í baki og vinstri öxl. Hún sé einnig með slitgigt og við slysið 12. desember 2017 hafi henni versnað til muna af einkennum sínum. Einnig séu til komin ný einkenni eftir slysið, höfuðverkir og leiðniverkir niður vinstri handlegg.

Í málskoti er gerð sú krafa að viðurkenndur verði rétt til bóta fyrir varanlegar afleiðingar sem hún kveðst hafa orðið fyrir við áreksturinn. Af hálfu V hefur verið aflað útreiknings á þeim þyngdarkröftum sem verkuðu á bifreiðirnar við áreksturinn. Samkvæmt útreikningnum nam þyngdarkraftur á A 1,00 g og 0,94 g á bifreið þá sem M ók. Með tilliti til þessa útreiknings, hversu litlar skemmdir urðu á bifreiðunum og að teknu tilliti til sjúkrasögu M kveður V að útilokað sé að þau sjúkdómseinkenni sem M búi við megi rekja til aftanákeysrslunnar 12. desember 2017 og hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Af fyrirliggjandi læknisfræðilegum gögnum þykir mega slá því föstu að M hafi orðið fyrir meiðslum við áreksturinn, sem m.a. höfðu í för með sér að V greiddi henni bætur fyrir tímabundið atvinnutjón eins og að framan er rakið. Á hinn bóginn má ráða af gögnum málsins að litlar skemmdir hafi orðið á bifreiðunum við áreksturinn og fær það nokkra stoð í framangreindum útreikningi á þyngdarhröðun sem varð á bifreiðunum við áreksturinn. Í útreikningnum, sem aflað var af A, felst þó ekki nein sönnun þess að M hafi ekki orðið fyrir varanlegum einkennum við áreksturinn. Engin matsgerð liggur hins vegar fyrir um það hvort M hafi orðið fyrir varanlegum einkennum að teknu tilliti til fyrri sjúkrasögu. Að öllu virtu verður af gögnum málsins ekki ráðið með fullri vissu að M búi við varanleg einkenni af völdum umrædds áreksturs, en þó verður ekki talið útilokað að svo geti verið. M á því

rétt á bótum fyrir varanlegt líkamstjón úr ábyrgðartryggingunni að því marki sem hún hefur orðið fyrir slíku tjóni.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum fyrir varanlegt líkamstjón að því marki sem hún hefur orðið fyrir slíku tjóni úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 20. desember 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.